

# Eftirmálar heimsfaraldurs hvenær mætast framboð og eftirspurn?

---

**Daníel Svavarsson**


Forstöðumaður Hagfræðideildar





# Efnahagsáfallið vegna Covid-faraldursins var mjög óvenjulegt og passar í raun ekki inn í hefðbundin hagfræðilíkön

## Hagvöxtur 2020 og spá AGS fyrir 2021




Efnahagssamdrátturinn í kjölfar Covid faraldursins er mjög sérstakur og rímar í raun ekki við nein önnur efnahagsáföll síðustu áratugi.

Það var í sjálfu sér ekki veiran sjálf eða afleiðingarnar af því að smitast af henni, heldur sóttvarnaraðgerðir sem gripið var til til að draga úr útbreiðslunni og hræðsla fólks við að smitast sem olli samdrættinum.


# Einkaneysla í Bandaríkjunum dróst fyrst verulega saman en jókst svo skyndilega mjög mikið á ný

Mánaðarleg einkaneysla í Bandaríkjunum



- Einkaneysla dróst saman um á bilinu 20-30% í fyrra á sama tíma og tekjur flestra neytenda stóðu í stað. Við það safnaðist saman heilmikill óvæntur sparnaður.
- Eftir því sem sóttvarnaraðgerðum létti fór fólk í auknum mæli út að eyða peningum. Neysluhegðunin var hins vegar mjög breytt frá því fyrir faraldurinn.
- Fáir framleiðendur áttu von á að eftirspurn myndi taka svona fljótt og kröftuglega við sér aftur og margir höfðu dregið úr framleiðslu í ljósi væntinga um lengra tímabil með veika eftirspurn.
- Einkaneysla í Bandaríkjunum er nú u.þ.b. 25% yfir leitni síðustu ára

# Aldrei hefur verið framleitt meira af vörum í heiminum en nú en samt er skortur



- Þrátt fyrir ýmsa ágalla á aðfangakeðjum og skort á ákveðnum íhlutum þá hefur heimshagkerfið aldrei áður framleitt og flutt eins mikið af vörum og nú.
- Metmagn af vörum nær fram til neytenda en ýmsir flöskuhálsar, t.d. í höfnum og dreifingu innanlands í Bandaríkjunum og víðar eru vissulega til staðar

# Hvað gerist næst?

---

Þróun hagvaxtar og þróun verðbólgu það sem af er ári skýrist að stærstum hluta af því að eftirspurn hefur þróast með mjög óhefðbundnum hætti. Spurning sem vaknar er því hvað gerist með þessa eftirspurn á næstu misserum.

Það er erfitt að segja með vissu en ég tel líklegt að hún eigi eftir að minnka tiltölulega hratt. Það eru einkum þrjár ástæður fyrir því:

1. Eftirspurn eftir ýmsum varanlegum neysluvörum mun á endanum mettast að einhverju leiti
2. Uppsafnaður sparnaður vegna sóttvarnaraðgerða mun á endanum klárast
3. Eftirspurn á eftir að hliðrast frá vörum yfir í þjónustu



# Mun faraldurinn hafa einhver varanleg efnahagsleg áhrif þegar upp er staðið?

Já, margt bendir til þess að faraldurinn muni hraða hinni svokölluð fjórðu iðnbyltingu sem þegar var hafin.

- Að vinna heiman frá, a.m.k. hluta vikunnar, er líklega komið til að vera
  - Þetta mun draga úr eftirspurn eftir skrifstofuhúsnæði og gera fólki kleift að búa lengra frá vinnustað sínum
- Aukin netverslun er komin til að vera.
  - Þessi þróun var hafin af miklum krafti vestanhafs en jókst til muna á tímum faraldursins, sérstaklega í Evrópu. Þetta mun draga úr eftirspurn eftir verslunarhúsnæði en auka þörf á vöruhúsum og dreifingarmiðstöðvum
- Hægja mun á alþjóðavæðingunni og heimsverslunin mun líklega dragast saman
  - Ýmsir agnúar á löngum flóknum aðfanga og framleiðslukeðjum komu berlega í ljós í faraldrinum. Líkur eru á að framleiðsla muni færast nær neytandanum sem er jákvætt bæði út frá hagrænum og umhverfissjónarmiðum

# Fyrirvari

- Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.
- Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.
- Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.